

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélagið Laxinn.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélagið Laxinn. Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður er búsettur hverju sinni. Kennitala félagsins er 420269-2939.

2. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinnna lögbýla, sem land eiga að vatnasvæði Hvolsár og Staðarhólsár í Saurbæ í Dalasýslu, en þær eru: Belgsdalur, Bersatunga, Bjarnastaðir, Efri-Brunná, Efri-Múli, Fremri-Brekka, Hvammsdalskot, Hvammsdalur, Hvítidalur 1, Hvítidalur 2, Hvoll, Kjarlaksvellir, Kverngrjót, Lambanes, Lindarholt, Litla-Holt, Máskelda, Mikligarður, Neðri-Brekka, Neðri-Brunná, Ós, Saurhóll, Staðarhóll, Stórholt, Stóri-Múli, Tjaldanes 1, Tjaldanes 2, Þurranes, Þverdalur og Þverfell. Vatnasvæðið telst vera Hvolsá og Staðarhólsá ásamt öðrum ám sem í þær falla áður en þær renna báðar að sama ósi í sjó.

Ef eigendur eða ábúendur einhvers áður nefndra lögbýla eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um það hver fari með atkvæðisréttinn og skal það tilkynnt stjórn félagsins með sannanlegum hætti.

3. gr.

Markmið félagsins er að auka lax- og silungsvæði á félagssvæðinu, og arð af henni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og beita sér fyrir að verklegum framkvæmdum verði hagað þannig að þær skaði ekki lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn og skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl þannig; Formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, en hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 2. gr. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn ár hvert.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum allt vatnasvæðið eða hluta þess um tiltekið árabíl, þó aldrei til lengri tíma en 5 ára í einu. Leigusamningur skal háður samþykki félagsfundar.

Framkvæmdir vegna starfsemi félagsins sem hafa fjárútlát í för með sér, og ekki hafa verið samþykktar á félagsfundi, umfram 10% af leigutekjum á yfirstandandi starfsári skal stjórn leggja fyrir félagsmenn.

Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

7. gr.

Aðalfundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyllt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins, arðskrá þess eða ráðstafa veiði á félagsfundum og skal þess þá getið í fundarboði. Aukafundi skal boða eigi síðar en 4 dögum fyrir fundardag, skriflega eða símleiðis og með tölvupósti. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar sem telst þá lögmætur án tillits til hversu margir mæta. Á þeim fundum ræður afl atkvæða.

Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundum skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundargerð. Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundum skulu skráð í fundargerð.

8. gr.

Aðalfundur skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef 1/4 félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn skal færa reikninga félagsins á tölvutæku formi, áritað eintak þeirra skal varðveitt með gögnum félagsins svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir. Stjórn félagsins getur ákveðið að fundargerðir verði færðar í tölvu. Stjórn skal þá undirrita og setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu límdar í fundargerðabók eða bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

10. gr.

Skv. 41. gr. laga nr. 61/2006 er félaginu skyllt að halda arðskrá sem sýnir hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvers lögbýlis er veiðirétt hefur á vatnasvæðinu. Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: Aðstöðu til veiði, veiðitalna í stangaveiði, landlengdar, vatnsmagns, stærðar vatnsbotns og hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks. Arðskrá félagsins skal endurskoðaða reglulega.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

11. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Fiskistofu, 14. febrúar 2011.

Árni Ísaksson,
forstöðumaður lax- og silungsveiðisvið.

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2011